

## **Borgarráð 2. maí 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundi aðgengisfulltrúa MSS24050003**

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort haldinn hafi verið fundur með aðgengisfulltrúa vegna aðgengi blindra og sjónskerta að nýju snertilausu skápakkerfi í sundlaugum og hverjar voru niðurstöður þessa fundar, hafi hann átt sér stað.

### **Greinargerð**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram þessa fyrirspurn í framhaldi af það sem segir í fundargerð aðgengis- og samráðsnefndar fatlaðs fólks frá 4. apríl 2024. Í svari við fyrirspurn nefndarinnar um hvort leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta hafi verið útbúnar um notkun á nýju snertilausu skápakkerfi. Segir að aðilar á menningar- og íþróttasviði hafa verið í sambandi við aðgengisfulltrúa borgarinnar til að óska eftir aðstoð hans við að bæta aðgengi blindra og sjónskertra í sundlaugum Reykjavíkur. Til stóð að funda með aðgengisfulltrúanum í byrjun apríl og vill Flokkur fólksins vita hvort fundurinn hafi átt sér stað og hverjar voru þá niðurstöður hans.